

## GJALDSKRÁ

### vatnsveitu fyrir vatnsgjald, notkunargjald og mælaleigu í Blönduóssbæ.

#### 1. gr.

##### *Vatnsgjald.*

Af öllum fasteignum í Blönduóssbæ sem tengdar eru vatnsveitu Blönduóssbæjar, ber að greiða vatnsgjald árlega til sveitarfélagsins, nema sérstaklega sé um annað samið.

#### 2. gr.

##### *Stofn til álagningar vatnsgjalds.*

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,30% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

#### 3. gr.

##### *Gjalddagar.*

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignagjalda og greiðist vatnsgjaldið með fasteignagjöldum.

#### 4. gr.

##### *Aukavatnsgjald.*

Auk vatnsgjalds, skulu fyrirtæki og aðrir, er nota kalt vatn til annars en heimilisþarfa, greiða aukavatnsgjald. Aukavatnsgjald er innheimt eftir á samkvæmt mældri notkun með rúmmetramæli sem vatnsveita leggur til. Þar sem ekki eru mælar er stjórn vatnsveitu heimilt að áætla notkun. Gjalddagar aukavatnsgjalds eru 2 á ári, 30. júní og 31. desember.

Aukavatnsgjald greitt fyrir hvern m<sup>3</sup> að 50.000 m<sup>3</sup> er kr. 20.

Afsláttur til stórnotenda frá 50.000 m<sup>3</sup> að 75.000 m<sup>3</sup> er 25%.

Afsláttur til stórnotenda frá 75.000 m<sup>3</sup> er 5% til viðbótar áður reiknuðum afslætti fyrir hverja auka 25.000 m<sup>3</sup>.

#### 5. gr.

##### *Mælaleiga.*

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis í mm</i>	<i>Mælaleiga á ári, kr.</i>
25-39	8.000
40-49	12.000
50-74	18.000
75 og stærri	30.000

#### 6. gr.

##### *Breytingar á gjöldum.*

Ákvörðun um vatnsgjald samkvæmt 2. gr. er tekin árlega af sveitarstjórn samhliða ákvörðun um álagningarstuðla fasteignagjalda. Gjöld vatnsveitunnar bera ekki virðisaukaskatt. Gjöld samkvæmt 4. og 5. gr. eru tengd byggingarvísitölu í desember 2013, nú 119,3 stig.

#### 7. gr.

##### *Ábyrgð á greiðslu gjalda.*

Vatnsgjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 32/2004, sbr. 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar

sammingsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og gildir frá 1. janúar 2014. Frá sama tíma falla úr gildi eldri gjaldskrár fyrir vatnsgjald og notkunargjald í Blönduóssbæ.

Samþykkt af bæjarstjórn Blönduóssbæjar 10. desember 2013.

*Blönduósi, 31. desember 2013.*

**Arnar Þór Sævarsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. janúar 2014